

## Frá Sinfóníuhljómsveit Íslands vegna tónleikaferðar til Ísafjarðar í september 2019

**Til** : Margrét Halldórsdóttir  
**Frá** : hjordis@sinfonia.is  
**CC** : ingunn@tonis.is;anna@sinfonia.is;una@sinfonia.is;magga@sinfonia.is  
**Heiti** : Frá Sinfóníuhljómsveit Íslands vegna tónleikaferðar til Ísafjarðar í september 2019  
**Málsnúmer** : 2019060019  
**Málsaðili** : Sinfóníuhljómsveit Íslands  
**Skráð dags** : 05.06.2019 10:10:02  
**Höfundur** : hjordis@sinfonia.is

**Viðhengi** [Æfingaáætlun Ísafjörður 2019 kvöld- og skólatónleikar.docx](#)[Æfingaáætlun Ísafjörður 2019 kvöld- og skólatónleikar.docx](#)  
[image005.png](#)[image005.png](#)  
[image004.png](#)[image004.png](#)  
[image003.png](#)[image003.png](#)  
[image002.png](#)[image002.png](#)  
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Sæl og bless Margrét.

Samkvæmt símtali sendir Sinfóníuhljómsveit Íslands formlega ósk um stuðning við tónleikaferð hljómsveitarinnar til Ísafjarðar í september nk. Sem tengiliður hljómsveitarinnar óskum við góðfúslega eftir því að þú komir erindinu áfram til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í von um að það verði tekið fyrir á næsta bæjarráðsfundi. Viltu vinsamlega staðfesta móttöku þessa pósts.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar.

Ágætu fulltrúar bæjarráðs.

Vegna komu Sinfóníuhljómsveitar Íslands til Ísafjarðar og tónleikahalds 5. og 6. september nk. sendir hljómsveitin góðfúslegar óskir um stuðning við tónleikahaldið. Um ræðir kvöldtónleika í íþróttahúsinu Torfnesi fimmtudaginn 5. september og skólatónleika föstudaginn 6. september, sem einnig verða haldnir í íþróttahúsinu. Tónleikarnir eru unnir í samvinnu við vestfirskt tónlistarfólk og kóra. Tónleikarnir eru öllum opnir og án endurgjalds. Koma hljómsveitarinnar er að ósk Tónlistarskóla Ísafjarðar og Tónlistarfélags Ísafjarðar sem fagnaði 70 ára afmæli sínu 2018.

Óskir um stuðning við tónleikahaldið varðar eftirfarandi liði:

### **Æfingaáætlun vegna skólatónleika:**

- Hljómsveitin óskar eftir að fá að æfa án endurgjalds í Hömrum, miðvikudaginn 4.09.19, með kór og einsöngvurum við píanómeðleik útsetjara verkefnisins. Æfingatími er óstaðfestur en helst í hendur við flugtíma vestur.

### **Tónleikastaður: Íþróttahúsið Torfnesi**

- Hljómsveitin óskar eftir að fá að leika endurgjaldslaust í íþróttahúsinu Torfnesi 5. og 6. september nk.

**Hljóðfæri**

- Hljómsveitin óskar eftir að fá Steinway-D konsertflygil tónlistarskólans til afnota án endurgjalds fyrir fimmtudagshljóðprufuna og –kvöldtónleikana vegna flutnings á píanókonsertri nr. 2 eftir Chopin. Hljómsveitin mun sjá um flutning hljóðfærisins til og frá tónleikastað og stillingu á hljóðfærinu.

#### Sviðs- og tæknimál:

- Stólar: Stóla fyrir 80 hljóðfæraleikara.
  - Hljómsveitin óskar eftir 80 armalausum stólum endurgjaldslaust. Stólarnir verða að vera tiltækir í íþróttahúsinu frá hádegi á fimmtudegi til hádegis á föstudegi.
- Kórpallar: Kórpalla fyrir kvöldtónleika og skólatónleika (fjöldi í kór á skólatónleikum 50-60).
  - Hljómsveitin óskar eftir kórþöllum fyrir fyrstu æfingu á fimmtudegi í íþróttahúsi og á tónleikum á föstudegi endurgjaldslaust.
- Hljómsveitin þarf að leigja hljóðkerfi og hljóðnema vegna skólatónleika hljómsveitarinnar. Hluti tæknibúnaðar verður leigður með mannafla fyrir vestan annar tæknibúnaður kemur að sunnan. Eftir samtal við Vernharð Jósefsson er reiknað með að tækni- og mannaflakostnaður verði um 200.000 íkr. fyrir þann hluta sem leigður er fyrir vestan ásamt yfirsetu. Er möguleiki að koma til móts við hljómsveitina varðandi þennan kostnað?
  - Hljóðkerfi í íþróttahúsi fyrir æfingu á fimmtudag og tónleika á föstudag (umsjón: Venni)
  - Hljóðnema til að lyfta kór fyrir æfingu á fimmtudag og tónleika á föstudag (umsjón: Venni)
  - Handhljóðnemi til að ávarpa gesti fyrir fimmtudag (umsjón: Venni)
  - Annar hljóð- og tæknibúnaður kemur með hljómsveitinni að sunnan (spangarhljóðnemar og prompter)

#### Kaffiástaða í íþróttahúsi

- Óskað eftir að hljómsveitinni verði boðið upp á kaffi/te/vatn og ávexti/bakkelsi eftir æfingu á fimmtudaginn
- Óskað eftir að hljómsveitinni verði upp á kaffi/te/vatn og ávexti/bakkelsi í hléi á kvöldtónleikum í fimmtudag

**Fylgiskjal:** Æfingaáætlun og dagskrá tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Ísafirði 2019.

Með góðum kveðjum,



**Hjördís Ástráðsdóttir**

Fræðslustjóri | Education Director

Sinfóníuhljómsveit Íslands | Iceland Symphony Orchestra

+354 545 2504

+354 898 8934

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

